

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag stofnanareits, Vogabraut 3.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar samþykkti 12. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi stofnanareits vegna Vogabrautar 3. Breytingin felur í sér að skilgreina byggingarreit vegna stækkunar á bílskúr. Hæð bílskúrs verður 3,15 m og nýtingarhlutfall verður 0,40.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Dalbrautarreits, Þjóðbraut 3.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar samþykkti 12. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Þjóðbrautar 3. Breytingar felast m.a. í að á 1. hæð verða íbúðir, í stað rýmis fyrir miðbæjarstarfsemi. Bílakjallari er stækkaður, heildarnýtingarhlutfall á lóð Þjóðbrautar 3 verður 1,55.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 24. ágúst 2020.

Sigurður Páll Harðarson,
sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2020